

HÖFUNDAR EFNIS

Árni Ibsen er rithöfundur og leiklistar-ráðunautur Þjóðleikhússins. Gott ef hann býr ekki í Hafnarfirði.

Birgitta Jónsdóttir hefur birt ljóð í blöðum.

Eggert Pétursson er listamaður úr Austurbænum með aðsetur á Akureyri.

Einar Már Guðmundsson er rithöfundur úr Vogahverfi með aðsetur í Miðbænum. Nýjasta bók hans heitir *Leitin að dýragarðinum*.

Friðrik Þór Friðriksson er kvikmyndagerðarmaður úr Vogahverfi með aðsetur í Miðbænum. Nýjasta mynd hans heitir *Flugþrá*.

Friðrika Benónýs er blaðamaður í Reykjavík með aðsetur á Lækjartorgi.

Guðbergur Bergsson er rithöfundur af Suðurnesjum með aðsetur á Spáni. Nýjasta grein hans heitir „Fyrstu kynni mín af verkum Borges“.

Haldór Björn Runólfsson er nýskipaður forstöðumaður norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg með aðsetur á Fjölnisvegi.

Hallgrímur Helgason er listamaður úr Vogahverfi með aðsetur í New York.

Helgi Þorgils Friðjónsson er listamaður úr Dölunum með aðsetur á Rekagrandu.

Jean-Louis Depierris er franskt ljóðskáld og menningarfulltrúi.

Jorge Luis Borges var argentínskt skáld. Þeir sem ekki hafa áttað sig á því eftir lestur þessa heftis þurfa að lesa það aftur.

Jón Stefánsson er ljóðskáld af Suðurnesjum og hefur gefið út bókina *Með byssuleyfi á eilífðina*.

Jón Óskar er ljóðskáld af Akranesi með aðsetur í Vesturbænum. Síðasta ljóðabók hans er *Næturfærð*.

Matthías Johannessen er skáld og Reykvíkingur í húð og hár. Nýjasta bók hans heitir *Í kompaní við Þórberg*.

Matthías Viðar Sæmundsson er lektor við Háskóla Íslands og hefur skrifað bókina *Mynd nútímamannsins. Um tilvistarleg viðhorf í sögum Gunnars Gunnarssonar*.

Sigfús Bjartmarsson er ljóðskáld úr Aðaldal með aðsetur í Vesturbænum. Síðasta bók hans heitir *Hljá skugganna*.

Sigrún Á. Eiríksdóttir er lektor í spænsku við Háskóla Íslands.

Steinunn Ásmundsdóttir hefur birt ljóð í blöðum.

Pórir Kr. Þórðarson er prófessor í hebreskum fræðum við Háskóla Íslands. Nýjasta bók hans heitir *Sköpunarsagan í fyrstu Mósebók. Ný viðhorf*.